



STJÓRN Ný stjórn Auðar Capital var kjörin á stjórnarfundum í vikunni.

56 milljóna hagnaður hjá Auði Capital

Fjármálafyrirtækið Auður Capital skilaði 56 milljóna króna hagnaði á árinu 2008, en það var fyrsta rekstrarár félagsins. Fyrirtækið er skuldlaust, og nemur eigið fé þess um 1,2 milljörðum króna.

Auður Capital fékk raunar starfsleyfi í apríl, svo þetta er afkoman eftir átta mánaða rekstur, segir Þórána Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs.

„Í fjárfestingum okkar, bæði til að ávaxta eigið fé og viðskiptavina okkar, kom það sér vel að vera bæði óháður og áhættumeðvitaður,“ segir Þórána, spurð hvernig

félaginu takist að skila hagnaði eftir slíkt umbrotaár.

„Við gátum tekið ákvarðanir út frá okkar bestu sannfæringu, án þess að þurfa að bíða eftir að einhver sem við höfðum hagsmuni gagnvart hækkaði eða lækkaði,“ segir Þórána.

Stjórn Auðar hefur ákveðið að leggja tíu milljóna króna stofnframlag í góðgerðarsjóð sem fengið hefur nafnið AlheimsAuður. Sjóðnum er ætlað að hvetja konur til athafna, sérstaklega á vanþróuðum svæðum heimsins. Auður Capital mun leggja eitt prósent af hagnaði félagsins í sjóðinn ár hvert. - bj

